

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 27.2.20

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Davíð Þórólfsson, Björgvin Sigurðsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Umsöng við styrktarsjóð HSP

Aðalstjórn sendi fyrirspurn á HSP þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaða breytingum á afreksmannasjóð, aksturssjóð og fræðslusjóð í einn sjóð.

Fyrirspurninni var svarað 20.2.2020 síðastliðinn í tölvupósti.

Aðalstjórn tekur saman athugasemdir og sendir á stjórn HSP.

2. Skráning raunverulegra eiganda Íþróttafélagsins Völsungs

Í bréfi dagsettu 17. febrúar 2020 frá Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands kom eftirfarandi fram:

Um síðustu áramót þá tóku í gildi ný lög um skráningu raunverulegra eigenda allra lögaðila á landinu. Markmið laganna er að tryggja að ávallt séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um raunverulega eigendur aðila svo að unnt sé að greina og koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun fyrirtækja.

Samkvæmt embætti Ríkisskattstjóra (RSK) þá ná þessi lög yfir alla lögaðila innan íþróttahreyfingarinnar og kallað er eftir skjótum og góðum viðbrögðum frá forsvarmönnum í hreyfingunni. Undir þetta falla sérsambönd, héraðssambönd og íþróttabandalög, íþróttá- og ungmennafélög og þær deildir þeirra sem eru með skráða kennitölu.

Á heimasíðu RSK kemur eftirfarandi fram varðandi félagasamtök:

„Í þeim félögum þar sem enginn eigandi er þá er það sá/þeir sem raunverulega stjórna starfsemi félagsins sem teljast raunverulegir eigendur. Þetta geta verið stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða einhver einstaklingur / einstaklingar sem teljast stjórna starfseminni. Félögin sjálf verða að meta hver eða hverjir raunverulega stjórna starfseminni.“

Í tölvupósti frá PWC endurskoðanda íþróttafélagsins Völsungs er lagt til að framkvæmdastjóri félagsins verði skráður fyrir hönd félagsins.

Aðalstjórn samþykkir að framkvæmdastjóri félagsins verði skráður sem raunverulegur eigandi.

3. Aðstaða íþróttá- og tómstundafélaga

Norðurþing vinnur að þarfagreiningu á uppbyggingu á aðstöðu í íþróttá- og tómsfundamálum. Sökum þessa hefur Norðurþing sent út könnun sem óskað er eftir að aðalstjórn svari fyrir 2. mars næstkomandi.

Aðalstjórn sendir inn svör við könnuninni.

4. Fundur vegna knattspurnuvalla

Minnisblað frá fundi um viðhald við íþróttavelli frá 26.2.2020.

Lagt fram.

Fundi slitið: 17:50

